

Nefndarsvið alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


5. febrúar 2020

Umsögn Neytendasamtakanna 306. mál, 150 löggjafaping

Neytendasamtökin lýsa sig samþykkt öllum þeim tillögum sem fram koma í þingsályktunartillögu þessari enda er um að ræða ýmis atriði sem samtökin hafa lengi barist fyrir. Þingsályktun þessi var lögð fram á 145. löggjafapingi, 844 mál. en náði ekki fram að ganga. Er það von Neytendasamtakanna að tillagan verði samþykkt enda er hún til mikilla hagsbóta fyrir neytendur.

Ekki er talin ástæða hér til að fara yfir hvert atriði í tillögunni þar sem Neytendasamtökin eru samþykkt tillögunni í heild. Hvað varðar tillöguna um embætti umboðsmanns neytenda ber hins vegar að nefna að fyrir þinginu liggur annað mál sem varðar mikilvæga hagsmuni neytenda; frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, 330. mál. Í því frumvarpi er skerpt á hlutverki Neytendastofu og eru Neytendasamtökin mjög fylgjandi því. Forsaga málsins er sú að árið 2005 var sett á fót nýtt embætti talsmanns neytenda auk þess sem Neytendastofa var stofnuð en hún tók m.a. við verkefnum sem áður féllu undir Samkeppnisstofnun. Neytendasamtökin lögðust gegn þessum áformum á sínum tíma og kölluðu eftir því að embætti umboðsmanns neytenda væri stofnað að norrænni fyrirmynd. Verði áður nefnt frumvarp að lögum má segja að hlutverk Neytendastofu verði meira í ætt við embætti umboðsmanns neytenda sem er jákvætt en spyrja má hvers vegna skrefið sé ekki tekið alla leið og embætti Umboðsmanns neytenda einfaldlega stofnað. Ein rök fyrir slíkri breytingu, þótt hún væri einungis að nafninu til, er sú að almenningur þekkir skilgreiningu á umboðsmanni, sbr. umboðsmaður Alþingis og umboðsmaður skuldara, en mikið ber á því að fólk rugli saman Neytendastofu, opinberri eftirlitsstofnun og Neytendasamtökunum, frjálsum félagasamtökum sem hafa starfað óslitið frá 1953. Heitin eru einfaldlega of lík og valda ítrekað ruglingi.

Neytendasamtökin fagna ofangreindri þingsályktunartillögu og leggja til að hún verði samþykkt.



Brynhildur Pétursdóttir
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna